

Akstursþjónusta fyrir fólk með fötlun; mikilvægar upplýsingar til farþega

Þjónustusvæðið er höfuðborgarsvæðið.

Akstursþjónustan er í boði:

Virka daga frá kl. 6:30 til kl. 24:00.

Laugardaga frá kl. 8:00 til kl. 24:00.

Sunnudaga frá kl. 11:00 til kl. 24:00.

Akstur á stórhátíðardögum er auglýstur sérstaklega.

Ein ferð telst frá A til B.

Pöntunarsími akstursþjónustunnar er **515-2720** og er hann opinn frá kl **08:00** til **16:00** alla virka daga og **10:00 til 14:00** um helgar. Þá verður einnig hægt að panta ferðir með tölvupósti á netfangið **ferd@teitur.is** á sama tíma og pöntunarsími er opinn.

Pantanir ferða sem fara á fyrir kl. 18:00, hvort sem er á virkum degi eða um helgar þurfa að hafa borist til Teits daginn áður, fyrir klukkan 16:00.

Pantanir vegna kvöldferða þurfa að berast fyrir kl. 16:00 á virkum dögum og fyrir kl. 14:00 um helgar. Stakar ferðir (samdægurs) er hægt að panta með 2ja klukkustunda fyrirvara á meðan á akstri stendur. Afpantanir reglubundinna ferða þurfa að berast verktaka með sem mestum fyrirvara, aldrei þó minna en 2ja klukkustunda fyrirvara. Farþegar geta afpantað ferðir í gegnum síma eða með tölvupósti á meðan pöntunarsími er opinn.

Akstur miðast við að og frá anddyri. Ef á þarf að halda þarf farþegi sjálfur að tryggja aðstoð að öðru leyti. Bílstjóri aðstoðar farþega utan andyris. Farþegi þarf að vera tilbúinn á umsömdum tíma. Biðtími farþega skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá uppgefnum tíma. Ef farþegi er ekki tilbúinn á umsömdum tíma er bílstjóra heimilt að yfirgefa staðinn og ferðin telst með í uppgjöri. Gera má ráð fyrir að ferðir geti fallið niður eða tafist vegna ófyrirséðra orsaka t.d óveðurs, bilana, þungrar umferðar og annarra þátta.

Geti farþegi ekki ferðast einn vegna einhverra orsaka og þarf að hafa fylgdarmann með sér er greitt fyrir hann fullorðingsgjald eins og gildir í almenningsvögnum.

Farþegi þarf að gefa sér eðlilegan tíma til að komast milli staða með tilliti til umferðar og vegalengdar. Gengið er út frá því að ferðin geti tekið allt að 60 mínútur.

Ferlivöktunarbúnaður er í öllum bifreiðum akstursþjónustunnar.

Kostnaður notenda vegna akstursþjónustu:

**Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá.*

Almennt gjald fyrir fólk með fötlun er fyrir hverja ferð helmingur af fargjaldi strætó (**nú 325 kr.**)

Þetta verð á við:

- Fastar ferðir pantaðar með dags fyrirvara (fyrir kl. 16:00 daginn áður)
- Kvöldferðir pantaðar fyrir kl. 16 á virkum dögum eða fyrir kl. 14 um helgar

Ferðir sem kosta 1.000 kr. aukalega:

- Samdægurs ferðir, þ.e ferðir sem hafa ekki verið pantaðar fyrir klukkan 16 daginn áður.
- Kvöldferð sem er pöntuð eftir kl. 16 á virkum degi eða eftir kl. 14 um helgi, með a. m. k. 2ja tíma fyrirvara.